

## Fundargerð

### 148. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 23. nóvember 2010 kl. 12<sup>00</sup>–14<sup>20</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Rekstraryfirlit janúar – október 2010
- (3) Lagabreytingar
- (4) Söfnun úrgangsolíu
- (5) Greiðslur til þjónustuaðila
- (6) Umbúðir
- (7) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (147. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

#### 2. Rekstraryfirlit janúar – október 2010

Lagt fram og farið var yfir meðfylgjandi yfirlit vegna rekstur vöruflokka, janúar – október 2010.

#### 3. Lagabreytingar

ÓK fór yfir frumvarp til breytinga á lögum um úrvinnslugjald, sem lagt var fram á fundinum, og ráðherra mælti fyrir í síðustu viku.

Stjórn ræddi einnig frumvarp, sem lagt var fram á fundinum, til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs. Stjórn ræddi aðgreiningu starfa og ábyrgðar stjórnar ÚS og Stýrinefndar. Stjórn telur að sum ákvæði frumvarpsins þurfi nánari skýringa við.

#### 4. Söfnun úrgangsolíu

ÓK lagði fram drög að samningi og kostnaðarmódel sem lagt er til grundvallar í viðræðum við olúfélögin við söfnun og meðhöndlun á úrgangsolíu.

#### 5. Greiðslur til þjónustuaðila

Lagt var fram yfirlit um greiðslur sjóðsins til þjónustuaðila fyrir meðhöndlun og endurvinnslu á pappa- og pappírsumbúðum, sem og yfirlit yfir þróun verðs á endurvinnslumarkaði í Þýskalandi fyrir pappa. Umræðu frestað.

Sigurður Örn yfirgefur fund kl. 14:10

## **6. Umbúðir**

ÓK fór yfir niðurstöðu líkans til að meta magn umbúða úr pappa og pappír, málm, gleri, plasti og timbri. Umhverfisstofnun mun líklega nota líkanið við mat á umbúðamagni

## **7. Önnur mál**

Engin

Fundi slitið 14:20

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs